



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar

Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 26. júní 2026
2605073HS RS

Efni: Hesthúsasvæði - umsögn um auglýsingu nýs deiliskipulags

Þann 13. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir hesthúsasvæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Skipulagssvæðið er 27 ha og afmarkast af Larsenstræti til norðurs, Gaulverjarbæjarvegi til austurs, íbúðarbyggð við Dísastaði til suðurs, og Langholti og opnu svæði til vesturs. Markmið skipulagsins er að setja fram heildstæða stefnu fyrir hesthúsahverfið, bæði núverandi svæði og stækkun þess til suðurs þar sem gert er ráð fyrir nýjum hesthúsalóðum, viðrunarhólfi fyrir hesta, kerrustæðum og þjálfunaraðstöðu. Einnig er gert ráð fyrir nýjum reiðstíg milli hesthúsalóða og gróðurmanar sem á að aðskilja hesthúsasvæðið frá íbúðarsvæðinu. Í skilmála eru sett fram ákvæði um frágang og tæmingu taðþróa. Svæðið tengist veitukerfum sveitarfélagsins.

Í mati á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins voru metin áhrif þess á umhverfisþættina lyktarmengun, rykmyndun, hljóðvist, umferðarálag og sjónræn áhrif. Að teknu tilliti til grunnástands og mótvægisáðgerða voru áhrif þess metin óveruleg fyrir alla þætti nema rykmyndun þar sem áhrifin eru metin jákvæð þar sem gert er ráð fyrir að helstu vegir og bílastæði verði malbikuð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á að í kafla 3.8 um taðþrær segir í 2. efnisgrein að krókgama skal tæma með reglulegu millibili á viðurkennda urðurnarstaði. Ekki skal urða lífrænan úrgang, eins og húsdýraúrgang, heldur meðhöndla í samræmi við gr. nr. 57 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi